
MENNING



Luciano Pavarotti

Pavarotti-is minnst

VIÐBRÖGÐ við andláti Lucianos Pavarottis hafa verið mikil um allan heim. Fjölmiðlar keppast við að lýsa áhrifum hans á sönglistina og mæra afrek hans og söngvarar og söngsérfræðingar eru kallaðir til og inntir álits á söngvaranum fræga.

Söngfélagar Pavarottis, Placido Domingo og José Carreras, hafa augljóslega haft í nógu að snúast að við að segja sína sögu og vitnað er í orð þeirra víða. „Ég dáðist stöðugt að guðdómlegri fegurð raddar hans," sagði Domingo í viðtali við BBC, og bætti því við að raddblær Pavarottis hefði verið einstakur og persónulegur á öllu raddsviðinu, frá botni og upp úr, alveg sérstakur raddblær sem einkenndi hann. „En ég elskaði líka húmorinn hans. Það kom fyrir að við gleymdum því á tónleikum tenóranna þriggja að við værum að syngja fyrir áheyrendur sem höfðu keypt miða sína dýrum dómum, því við höfðum svo gaman af þessu sjálfir," sagði Domingo ennfremur. „Við verðum að minnast hans sem þess stórkostlega listamanns sem hann var," sagði Carreras. „Hann var gæddur einstökum og yndislegum persónutöfrum," sagði hann og bætti við: „Hann var einn mikilvægasti tenórsöngvari tónlistarsögunnar allrar."

Rödd sem alltaf þekkist

Í Scala-óperunni í Mílanó var boðuð einnar mínútu þögn í minningu Pavarottis þegar fregnin af andlátinu barst þangað, en hann söng þar 140 sinnum. Dame Joan Sutherland, sem var ein helsta mótsöngkona Pavarottis á sjöunda áratugnum, sagði að það hefði ævinlega fylgt því mikil gleði að vinna með honum. „Það var ólýsanleg tilfinning að syngja með honum á sviðinu. Raddgæðin voru svo ótrúleg og ólík öllu sem ég hafði heyrt. Og þessa rödd gat maður alls staðar þekkt, hvar sem var, ef maður heyrði þetta undur vissi maður að þar var Luciano að syngja."

Zubin Mehta, hljómsveitarstjórinn sem vann mest með tenórunum þremur, sagði að í dag og næstu daga yrðu útvarpsstöðvar um allan heim fullar af söng Pavarottis. „Og þannig verður það. Það er arfleifð hans. Hann mun aldrei hljóðna."

Í Modena, heimabæ Pavarottis, hafa þúsundir syrgjenda safnast saman við dómkirkjuna þar sem kista söngvarans stendur opin. Þar hvílir hann í svörtum smóking, með hálsklútinn sinn.


Bloggsíður um allan heim eru uppfullar af sögum af meistaranum, og á vef BBC hefur verið komið fyrir minningarsíðu þar sem almenningur getur minnst hans með eigin orðum. Þar skrifar Ron Freeman:

„Ég farðaði hann ótal sinnum fyrir sýningar í Konunglegu óperunni og það var alltaf gaman. Einhvern tíma fundum við ekki hárkolluna hans, þá dró hann hárvöndul upp úr vasa sínum sem hann hafði tínt af fötum sínum. Ég spurði hvað í ósköpunum ég ætti að gera við þetta. Hann svaraði: „Sýndu mér að þú sért jafn góður förðunarmeistari og ég er söngvari.""

Tónlist

Hljómsveitin kynnir sig

Í DAG gefst öllum áhugasömum tækifæri til að kynnast Sinfóníuhljómsveit Íslands því nú er Sinfóníudagurinn haldinn í Háskólabíói. Dagskráin hefst kl. 13 með því að einstakir hljóðfærahópar hljómsveitarinnar kynna sig og hljóðfæri sín fyrir gestum í anddyri og hliðarsölum bíósins. Trúðurinn Barbara mun veita tónlistarmönnunum dygga aðstoð við þetta starf. Klukkan 14.30 verða síðan stuttir tónleikar með allri hljómsveitinni í aðalsalnum, og þá verður líka dregið í happdrætti sem gestir Sinfóníudagsins geta tekið þátt í. Aðgangur er ókeypis.



Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Myndlist

Samtal Einars og Gabríelu

ÞESSA heims og annars: Einar Þorlaksson & Gabríela Friðriksdóttir heitir sýningin sem opnuð verður í Listasafni Árnesinga í dag. Sýningin býður upp á samtal tveggja ólíkra og afgerandi listamanna sem kanna leiðir til þess að kortleggja sinn innri heim með myndmáli fantasíu og abstraksjónar. Stundum má finna bein sjónræn tengsl en sýningunni er þó fremur ætlað að bjóða upp á samanburð sem dregur fram einkenni hvors um sig; skapa grundvöll til að hugleiða hugtök eins og abstraksjón, málverk og súrrealisma í list í dag.



Listasafn Árnesinga.

Tónlist

Sinfóníudagurinn í Háskólabíói

VETRARSTARF Sinfóníuhljómsveitarinnar verður kynnt á Sinfóníudeginum sem haldin verður í Háskólabíói kl. 13 í dag. Það er trúðurinn Barbara sem leiðir gesti á milli hljóðfærahópa þar sem gestir geta spurt liðsmenn sveitarinnar spjörunum úr, en Barbara verður einmitt kynnir Tónsprotans, fjöl-skyldutónleikaraðar hljómsveitarinnar í vetur.

Dagskránni lýkur með stuttum tónleikum þar sem m.a. verður fluttur *Lærisveinn galdrameistarans* eftir Paul Dukas. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari.

Fyrsta yfirlitssýning á verkum Eggerts Péturssonar opnuð í dag á Kjarvalsstöðum

Fegurðin við sérhvert fótmál


YFIRLITSSÝNING á málverkum Eggerts Péturssonar verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í dag kl. 16. Þar gefst í fyrsta sinn tækifæri til að líta verk þessa dáða listamanns frá upphafi ferils hans til dagsins í dag. Á sýningunni eru rúmlega fimmtíu verk, þar af nokkur sem aldrei hafa verið sýnd áður. Verkin eru í eigu Listasafns Reykjavíkur og fengin að láni hjá einkaaðilum, fyrirtækjum og opinberum söfnum. Sýningarstjóri er Ólöf K. Sigurðardóttir.

Eggert er kunnur fyrir málverk af fínlegri en harðgerri náttúru landsins. Verkin eru unnin af mikilli nákvæmni og vekja áhorfandann til umhugsunar um þá fegurð sem býr við sérhvert fótmál í náttúru landsins.

Eggert hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1980 og hefur síðan haldið fjölda einka- og samsýninga hérlendis og erlendis. Á sýningunni eru nokkur verk frá upphafsárum listamannsins en flest spanna síðustu tvo áratugi þar sem íslenskar jurtir og blóm hafa verið meginefniviðurinn. Eggert hlaut önnur verðlaun Carnegie Art Award-sjóðsins árið 2006.

Eftir Eggert liggja margar myndskreytingar en kunnust er myndskreyting hans í nýrri útgáfu bókarinnar Íslensk flóra sem Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur skrifaði og kom út árið 1983.

Sýningu Eggerts Péturssonar verður fylgt úr hlaði með vandaðri bók um listamanninn. Hana prýða fjölmargar myndir auk þess sem skyggnst er í skissubók listamannsins, sem varpar áhugaverðu ljósi á þróun verka hans. Ólöf K. Sigurðardóttir og Eva Heisler skrifa um Eggert og list hans, en þar er einnig viðtal sem Ingólfur Arnarson myndlistarmaður tók við Eggert. Hönnuðir bókarinnar eru Hildigunnur Gunnarsdóttir og Snæfríð Þorsteins.




Án titils Eitt af málverkum Eggerts Péturssonar á yfirlitssýningunni á Kjarvalsstöðum, máluð 2004-5.

Þar angar blómabreiða

„ÞAÐ er gríðarlega mikilvægt fyrir Listasafn Reykjavíkur að geta sýnt þverskurð af list Eggerts Péturssonar," segir Soffía Karlsdóttir, deildarstjóri markaðs- og kynningarmála safnsins. „Eggert er á hátindi ferils síns í dag. Þarna eru verk frá hví hann hóf að mála 1980 til dagsins í dag. Hann hefur mikla sérstöðu sem málari því hann hefur helgað sig blóma- og náttúrumyndum frá upphafi. Fyrir okkur er menntunar- og miðlunargildi sýningarinnar mikið því það er mikilvægt fyrir almenning að geta skoðað þróun eins listamanns með jafn áþreifanlegum hætti og hægt er á þessari sýningu. Gildi sýningarinnar felst svo ekki síst í fagurfræði verkanna sjálfra, það liggur við að maður finni anganina af blómabreiðunum. Fegurð verkanna er óviðjafnanleg og því má ekki gleyma."

Tónskáldin í skugga Griegs

UM þessar mundir er víða haldið upp á 100 ára dánarafmæli Edvards Grieg. Í Norræna húsinu og í Laugarborg verða haldnir tónleikar um helgina undir yfirskriftinni „Í skugga Griegs", en þar verða flutt nokkur lög Griegs en jafnframt flutt sönglög eftir sex norsk tónskáld, sem tilheyra kynslóðinni sem fylgdi í kjölfar hans og hlutu þau örlög að hverfa eða gleymast í skugga meistarans. Þetta eru tónskáldin Johannes Harklou, Ole Olsen, Hjalmar Borgström, Arne Eggen, Catharinus Elling og Gerhard Schelderup, sem eru fæddir um eða upp úr miðri 18. öld og voru samtímamenn rithöfundarins Knuts Hamsun, listmálarans Edvards Munch og tónskálda á borð við Jean Sibelius, Gustav Mahler, og Maurice Ravel. Þeir voru sprottnir upp úr norskri þjóðernisrómantík, en ólíkt Grieg fengust þeir lítt við að þróa sérstakt norskt tónmál. Þótt þeir væru innbyrðis ólíkir áttu þeir samt margt mikilvægt sameiginlegt: þeir voru alþjóðlega sinnaðir, námu tónsmíðar í Leipzig, og sömdu óperur í evrópskum síðrómantískum stíl.



Harald Björköy



Selma Guðmundsdóttir

Þótt öll þessi sex tónskáld hafi oft fengið verk sín flutt meðan þeir voru á lífi, þá er þau sjaldan að finna á tónleikaefnisskrám nú á dögum, upptökur eru torfundnar, og sum af verkum þeirra hafa verið flutt í allra fyrsta sinn nú á síðustu árum. Það er norski tenórinn Harald Björköy, prófessor við Griegakademíuna í Bergen, sem hefur átt frumkvæði að því að safna saman sönglögum eftir tónskáldin og koma þau senn út á geisladiski í flutningi hans og fleiri norskra listamanna.

Á tónleikunum á Íslandi mun Selma Guðmundsdóttir píanóleikari leika með Harald Björköy og eru tónleikarnir samstarfsverkefni Listaháskóla Íslands og Griegakademíunnar í Bergen. Tónleikarnir í Norræna húsinu verða í dag kl. 16, en í Laugarborg á morgun kl. 14.